

Vegna: Máls nr. 0378/2026, Ferjufit - Aukin efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Höfundur: Rán Sturlaugsdóttir

Sent inn þann: 21.04.2026 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Viðhengi:

1.1.Ferjufit aukin efnistaka - tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.pdf



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun

Borgartúni 21
105 Reykjavík

Selfossi, 21. apríl 2026
2603170HS RS

Efni: Ferjufit aukin efnistaka - tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Þann 27. mars sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna aukinnar efnistöku við Ferjufit í Rangárþingi ytra.

Fyrirhugað er að stækka efnistökusvæðið E122 við Ferjufit úr 0,5 ha í allt að 4,0 ha og heimiluð efnistaka eykst úr 10.000 m³ í allt að 120.000 m³. Áætlað er að nota efnið til viðhalds á mannvirkjum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, þ.e. flóðavarnir og stíflur. Þegar efnistöku lýkur verður gengið endanlega frá svæðinu. Staðsetning efnistökusvæðisins lágmarkar vegalengdir vegna flutninga á efni. Samhliða matsskyldufyrirspurn er unnið að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfisþættina vistgerðir; jarðmyndanir; ásónd og landslag; vatnshlot; fugla- og dýralíf; fornminjar; umferð og samgöngur; og samlegðaráhrif. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin engin á fornminjar, óveruleg á vistgerðir; fugla- og dýralíf; jarðmyndanir; ásónd og landslag; umferð og samgöngur; og vatnshlot og samlegðaráhrif eru bæði metin verulega jákvæð og nokkuð neikvæð.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir efnistöku og -vinnslu starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Vegna: Máls nr. 0378/2026, Ferjufit - Aukin efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Umsögn Rangárþings ytra birt með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar.

Höfundur: Haraldur Birgir Haraldsson

Sent inn þann: 24.04.2026 , **Fyrir hönd:** Rangárþing ytra

Viðhengi:

2.1.2603090_Fundasaga.pdf

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2603090
Málsheiti: Ferjufit. Tilkynning um ákvörðun um matsskyldu.
Málsaðili: Skipulagsstofnun
Skráð af: Haraldur Birgir Haraldsson
Ábyrgðaraðili: Haraldur Birgir Haraldsson

Fundur: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárpings ytra - 65 (22.4.2026) - Ferjufit. Tilkynning um ákvörðun um matsskyldu.

Dags: 22.04.2026

Inngangur: Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn sveitarfélagsins við eftirfarandi mál í Skipulagsgátt: Ferjufit - Aukin efnistaka, nr. 0378/2026: Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu). Óskað er umsagnar Rangárpings ytra.

Niðurst.: Skipulags- og umferðarnefnd telur að greinilega sé brugðist við þeim áhrifum sem umrædd framkvæmd kunni að hafa á umhverfi sitt með þeim hætti að ekki verði um veruleg neikvæð áhrif að ræða. Skipulagsnefnd telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir framkvæmdinni í framlagðri greinargerð með tilkynningunni. Umhverfisáhrif hafa verið lágmörkuð með fullnægjandi mótvægisaðgerðum og vöktun. Skipulagsnefnd telur því að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Mál nr. 0378/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0378/2026, Ferjufit - Aukin efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Höfundur: Axel Benediktsson

Sent inn þann: 24.04.2026 , **Fyrir hönd:** Náttúruverndarstofnun

Viðhengi:

3.1.Umsögn_vegna_skipulagsmála_Náttúruverndarstofnun - 2026-04-24T091341.045.pdf



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

21. apríl 2026
202604-0014/A.B.

Efni: Umsögn – Matskyldufyrirspurn - Ferjufit - Aukin efnistaka - Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar vegna matsskyldufyrirspurnar Landsvirkjunar um aukna efnistöku við Ferjufit í Rangárþingi ytra, sem barst Náttúruverndarstofnun 13. apríl sl.

Um er að ræða stækkun á núverandi efnistökusvæði (E122) og verulega aukningu á heimilaðri efnistöku. Markmið framkvæmdarinnar er að tryggja aðgengi að efni til uppbyggingar og viðhalds orkumannvirkja á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, einkum í tengslum við uppbyggingu Vaðölduvers.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd felist í stækkun efnistökusvæðis við Ferjufit úr um 0,5 ha í allt að 4 ha og aukningu efnistöku úr 10.000 m³ í allt að 120.000 m³.

Framkvæmdarsvæðið er staðsett austan við Þjórsá, sunnan við Sultartangelón og í nágrenni Vaðöldu, innan deiliskipulagssvæðis Vaðölduvers. Svæðið er á þjóðlendu og einkennist af lítt grónu hrauni og melum sem þegar hafa verið raskaðir vegna fyrri efnistöku.

Efnistakan felst í sprengingu og vinnslu grjóts sem nýtt verður innan framkvæmdasvæðis Vaðölduvers og við önnur orkumannvirkni á svæðinu. Gert er ráð fyrir að vinnsla fari að mestu fram á uppbyggingartíma virkjunar, með tilheyrandi flutningum eftir núverandi vegum og vinnuslóðum.

Í greinargerð kemur jafnframt fram að efsta jarðvegslagi verði haldið til haga og nýtt við frágang, að raskað svæði verði jafnað og mótað að lokinni vinnslu og að leitast verði við að ganga frá svæðum jafnóðum og vinnslu lýkur.

Sérstök vernd

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdasvæðisins er hraun og gervigígar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Þar sem áætlunin gerir ráð fyrir röskun á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar er nauðsynlegt að meta vandlega verndargildi viðkomandi hrauns og hvort hagsmunirnir af framkvæmd vegi svo þungt að þeir réttlæti varanlega röskun á því, í ljósi markmiða laga um að vernda náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun áréttar að fyrirhuguð uppbygging mannvirkja réttlætir ekki sjálfkrafa röskun á hrauni sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Þó að uppbygging iðnaðarsvæða fyrir orkuvinnslu geti vissulega þjónað brýnum almannahagsmunum, segir ákvæði 61. gr. að slík framkvæmd sé heimiluð nema sýnt sé fram á að engin raunhæf lausn (valkostir) sé fyrir hendi án röskunar á hrauninu.

Við skipulags- og leyfisveitingar ber því ávallt að gera ítarlega valkostagreiningu og rökstyðja sérstaklega hvers vegna ekki sé unnt að komast hjá röskun.

Að mati Náttúruverndarstofnunar bendir fyrirbyggjandi lýsing til þess að það hraun sem er innan framkvæmdarsvæðisins sé að verulegu leyti sandorpið, auk þess sem svæðið hefur þegar verið raskað vegna efnistöku og annarra framkvæmda. Við slíkar aðstæður getur hraun tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar og nýtur það þá að jafnaði ekki sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laganna.

Náttúruverndarstofnun bendir þó á að þrátt fyrir framangreint þarf ávallt að meta hverju sinni hvort innan framkvæmdarsvæðis kunni enn að vera hraun sem hafa verndargildi.

Niðurstaða Náttúruverndarstofnunar er því sú að ekki liggi fyrir nægileg gögn sem staðfesta að hraun innan alls framkvæmdarsvæðisins njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr., en jafnframt sé nauðsynlegt að afmarka með skýrum hætti hvort og hvar verndargildi sé enn til staðar áður en ákvörðun er tekin um frekara rask. Að mati eru áhrif á hraun óafturkræf og nokkuð neikvæð.

Framkvæmdarleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að vistgerðir á framkvæmdarsvæðinu séu að mestu rýrar og lítt grónar, einkum sanda- og melavistir með lágt verndargildi, en einnig komi fyrir hélumosavist með miðlungs verndargildi og staðbundið votlendi (starungsmýravist) með hátt verndargildi. Jafnframt kemur fram að svæðið hafi þegar orðið fyrir raski vegna efnistöku og að gróður sé víða gisinn (bls. 16)

Í greinargerð kemur einnig fram að samkvæmt fyrri rannsóknum á svæðinu sé þéttleiki varpfugla lítill og að svæðið teljist ekki mikilvægt búsvæði fugla.

Að mati Náttúruverndarstofnunar styðja fyrirbyggjandi gögn það að stór hluti framkvæmdarsvæðisins hafi lágt vistfræðilegt gildi, einkum þar sem um er að ræða raskað og lítt gróið land. Hins vegar bendir stofnunin á að þar sem eru votlendisvistgerða með hátt verndargildi innan áhrifasvæðisins þarf að gæta varúðar að þeim svæðum sé ekki raskað. Slík vistkerfi geta verið viðkvæm fyrir óbeinum áhrifum, svo sem breytingum á yfirborðsrennsli, jarðraski eða umferð vinnuvéla.

Náttúruverndarstofnun bendir jafnframt á að þótt fuglalíf sé metið lítið á svæðinu, þá er mikilvægt að leggja mat á áhrif framkvæmda á fugla með tilliti til árstíma, sérstaklega á varptíma. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á vernd margra mófuglategunda og því þarf að tryggja að framkvæmdir valdi ekki óþarfa raski á mögulegum búsvæðum, jafnvel þótt þau teljist ekki mikilvæg á landsvísu.

Niðurstaða Náttúruverndarstofnunar er sú að áhrif á vistgerðir og fuglalíf séu líklega takmörkuð miðað við núverandi ástand svæðisins, en nauðsynlegt sé að afmarka betur votlendisvistgerðir með hátt verndargildi og tryggja að þær verði ekki fyrir beinum eða óbeinum áhrifum framkvæmdarinnar. Þá er jafnframt mikilvægt að taka tillit til fuglalífs við tímasetningu framkvæmda og eftir atvikum grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða.

Landslag og ásjúnd

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé innan ungs hraunlendis á hálendi þar sem gróður er gisinn og svæðið þegar raskað vegna efnistöku og annarra mannvirkja. Áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á ásjúnd eru talin takmörkuð og að mestu tímabundin.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd beri að taka tillit til landslags og forðast að rýra ásjúnd þess. Þetta á einnig við á röskuðum svæðum þar sem áhrif geta orðið veruleg.

Að mati Náttúruverndarstofnunar eru áhrif líklega staðbundin, en mikilvægt er að takmarka rask, huga að samlegðaráhrifum og tryggja vandaðan frágang í samræmi við ákvæði laganna.

Samlegðaráhrif

Í greinargerð kemur fram að samlegðaráhrif geti orðið vegna uppbyggingar Vaðölduvers og annarra efnistökusvæða á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu, m.a. vegna áhrifa á landslag, umferð og lífríki.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt áhrif hvers framkvæmdar fyrir sig kunni að vera takmörkuð, geta samlegðaráhrif margra framkvæmda á sama svæði orðið veruleg, einkum á landslag og ásjúnd.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er því mikilvægt að meta framkvæmdina í samhengi við aðrar fyrirhugaðar og núverandi framkvæmdir á svæðinu.

Niðurstaða

Að mati Náttúruverndarstofnunar er framkvæmdin staðsett á svæði sem hefur þegar orðið fyrir raski og þar sem verndargildi vistgerða, fuglalífs og jarðmyndana er almennt takmarkað. Áhrif framkvæmdarinnar eru því að mestu staðbundin.

Náttúruverndarstofnun bendir þó á að óvissa er um verndargildi hrauns innan svæðisins og að gæta þarf sérstaklega að votlendisvistgerðum með hátt verndargildi. Jafnframt þarf að horfa til samlegðaráhrifa með öðrum framkvæmdum á svæðinu, einkum með tilliti til landslags og ásjúndar.

Með hliðsjón af framangreindu telur Náttúruverndarstofnun að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, að því gefnu að framangreind atriði verði tekin til skoðunar við leyfisveitingar og framkvæmd.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur

Mál nr. 0378/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0378/2026, Ferjufit - Aukin efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Höfundur: María Harðardóttir

Sent inn þann: 24.04.2026 , **Fyrir hönd:** Náttúrufræðistofnun

Viðhengi:

4.1.NATT_Ferjufit, stækkun efnistökusvæðis, matsskyldufyrirspurn.pdf



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 21
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. apríl 2026
Málsnúmer: 202603-0063
MH

Efni: Ferjufit, stækkun efnistökusvæðis, matsskyldufyrirspurn

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 27. mars 2026 þar sem óskað var umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna stækkunar núverandi efnistökusvæðis við Ferjufit í Rangárþingi ytra.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í stækkun efnistökusvæðis úr um 0,5 ha í allt að 4 ha og aukningu á heimiluðu efnismagni úr 10.000 m³ í allt að 120.000 m³. Um er að ræða áframhaldandi efnistöku á svæði sem hefur þegar verið nýtt og er innan deiliskipulagssvæðis Vaðölduvers og hluti af umfangsmiklu orkunýtingarsvæði.

Framkvæmdarsvæðið er að mestu lítt gróið hraun- og melasvæði með vistgerðir með lágt verndargildi, svo sem sanda- og vikravist og eyðimelavist. Innan áhrifasvæðis er þó einnig að finna vistgerðir með miðlungs og hátt verndargildi, þar á meðal hélumosavist og starungsmýravist. Áhrif á vistgerðir felast í beinu og varanlegu raski innan framkvæmdarsvæðis, en þar sem svæðið er að stórum hluta lítt gróið og þegar raskað eru áhrifin talin takmörkuð og staðbundin. Mikilvægt er þó að tekið sé sérstakt tillit til votlendisvistgerða með hátt verndargildi og að rask þeirra verði lágmarkað eftir því sem kostur er.

Framkvæmdarsvæðið er á nútímahrauni sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, en verndargildi þess á svæðinu telst rýrt þar sem það hefur þegar orðið fyrir raski vegna efnistöku og mannvirkjagerðar. Frekara rask er óhjákvæmilegt en áhrifin eru talin takmörkuð í ljósi fyrra ástands.

Landslag á svæðinu ber nú þegar skýr merki mannlegra áhrifa. Viðbótaráhrif vegna efnistöku eru talin að mestu staðbundin og með vönduðum frágangi er unnt að draga úr varanlegum áhrifum.

Framkvæmdarsvæðið er innan grunnvatnshlats. Helstu áhrif á vatnaumhverfi geta falist í mengunarhættu vegna vinnuvéla. Mikilvægt er að við framkvæmdina verði gætt að því að lágmarka slíka áhættu með viðeigandi skilyrðum um meðferð véla og efna.

Þá bendir Náttúrufræðistofnun á að svæðið er hluti af stærra framkvæmdarsvæði þar sem umfangsmikil uppbygging er fyrirhuguð. Mikilvægt er að horft sé til samlegðaráhrifa með öðrum framkvæmdum, sérstaklega með tilliti til áhrifa á landslag og lífríki.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki líklegt að fyrirhuguð stækkun efnistökusvæðis við Ferjufit hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 111/2021. Um er að ræða áframhaldandi efnistöku á svæði sem þegar hefur verið raskað og er innan umfangsmikils orkunýtingarsvæðis. Áhrif á lífríki og landslag eru talin takmörkuð og að mestu staðbundin.

Náttúrufræðistofnun leggur þó áherslu á að við framkvæmdina verði gætt sérstaklega að vistgerðum með hátt verndargildi, einkum votlendi, og að áhrif á vatnshlot og samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum verði höfð til hliðsjónar.



Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
Líffræðingur

Vegna: Máls nr. 0378/2026, Ferjufit - Aukin efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Höfundur: Anna Margrét Sigurbergsdóttir

Sent inn þann: 24.04.2026 , **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Öll svæði

Viðhengi:

5.1.Umsögn Vegagerðarinnar um matsskyldufyrirpurn vegna aukinnar efnistöku í Ferjufiti.pdf

HMS

Borgartúni 21

105Reykjavík



Umsögn Vegagerðarinnar vegna aukinnar efnistöku í Ferjufiti, Rangarþingi ytra

Tilvísun: Mál nr. 0378/2026

Vísað er til erindis dagsetts 27. mars 2026 „Ferjufit - Aukin efnistaka. Matsskyldufyrirspurn.“

Vegagerðin hefur rýnt framlögð gögn á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Framkvæmdarsvæðið er staðsett rétt vestan Sprengisandsleiðar (26-07) í flokki C8. Fyrirhuguð er aukning á efnistöku úr 10.000 m³ í 120.000 m³ til stuðnings við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunnar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu. Megin aðkoma að svæðinu verður af iðnaðarsvæði Vaðölduvers eða um vinnuvegi út á Þjórsárdalsveg (32), stofnveg Vegagerðarinnar í flokki C8.

Fram kemur í skýrslunni að efnistökusvæðið verði nýtt á uppbyggingartíma Vaðölduvers í rekstur og framkvæmdir innan framkvæmdasvæðisins og til viðhalds á öðrum orkumannvirkjum Landsvirkjunnar á svæðinu, svo sem við Sigöldu, Sultartanga og/eða Búrfell. Að uppbyggingu lokinni verði metið hvort efnistökusvæðið verði nýtt áfram. Athygli er vakin á því að Landvegur er flokkaður sem tengivegur í flokki C7 en leyfileg þungaumferð um slíka vegi eru fimm þung ökutæki á sólarhring samkvæmt Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar.

Vegagerðin ítrekar mikilvægi samráðs vegna flutninga um vegakerfið og bendir á að til viðbótar við samráð og leyfi vegna þunga og stórra flutninga þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi sem og fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis. Tvær einbreiðar brýr eru á Sprengisandsleið (26-07), norðaustan og suðvestan við framkvæmdasvæðið, þá er ein á Landvegi (26-06) til suðurs og önnur á Þjórsárdalsvegi (32-11) til vesturs. Minnst fjórar einbreiðar brýr eru í næsta nágrenni svæðisins þar sem þungatakmarkanir eru í gildi. Sækja þarf um undanþágu frá Samgöngustofu vegna þungaflutninga á vegum og brúm þar sem sett eru mörk á leyfilegan öxulþunga og heildarflutninga á sólarhring. Vegagerðin leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að farmur sé tryggður áður en ekið er inn á þjóðvegi.

Síða 1/2

Vegagerðin

Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Anna Margrét Sigurbergsdóttir

Undirskrift

Síða 2/2

Vegagerðin

Mál nr. 0378/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0378/2026, Ferjufit - Aukin efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 30.04.2026 , **Fyrir hönd:** Land og skógur

Viðhengi:

6.1.Ferjufit, matsskylduákv. - umsögn LogS.pdf

Umsögn

Tilv. UX.1078(P)



Land og skógur

HMS svið skipulags og umhverfismats
Borgartúni 21, 105 Reykjavík.
Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.
Hafnarstræti 107, 600 Akureyri.
sent á skipulag@hms.is

Selfossi, 30. apríl 2026

Mál: Ferjufit - Aukin efnistaka, tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Tilkynning um framkvæmd, mnr. 378/2026

Undirritaður hefur kynnt sér málið, frestur var til 24. apríl sl. *Land og skógur* tók í ársbyrjun 2024 við hlutverki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Umsögn þessi er byggð á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Stofnunin gerir engar athugasemdir.

bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@landogskogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 570-5550

Vegna: Máls nr. 0378/2026, Ferjufit - Aukin efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Góðan daginn. Forsætisráðuneytið vísar til erindis HMS frá 27. mars sl., þar sem óskað er umsagnar við framkvæmd (aukning á efnistöku) Landsvirkjunar við Ferjufit, hvort hún sé matsskyld skv. 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Landsvirkjun hefur óskað eftir aukinni efnistöku á núverandi efnistökusvæði, Ferjufitsnámu (E122) í Rangárþingi ytra. Um er að ræða stækkun úr 0,5 ha í allt að 4,0 ha svæði austan við Þjórsá og Vaðöldu sunnan við Sultartangelón og Tungnaárfarvegs. Svæðið liggur skammt vestan Sprengisandsleiðar (F26-07) og er innan deiliskipulagssvæðis Vaðölduvers. Núverandi heimild til efnistöku er 10.000 m³ en eykst í allt að 120.000 m³.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt tölulið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Óskar Landsvirkjun hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort lýst framkvæmd sé matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tilgangur framkvæmdar er að styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, þar sem reknar eru sjö vatnsaflsvirkjanir og eitt vindorkuver er í uppbyggingu við Vaðöldu. Fyrirhuguð efnistaka kemur til með að veita Landsvirkjun meira svigrúm fyrir efnistöku vegna reksturs og framkvæmda, þar á meðal við Vaðölduver en einnig er möguleiki á að nýta efnið í aðrar framkvæmdir og viðhaldsvinnu Landsvirkjunar, s.s. við Sigöldu, Sultartanga og/eða Búrfell.

Staðsetning á fyrirhuguðu efnistökusvæði kemur til með að lágmarka vegalengdir vegna flutninga á efni og lágmarka þannig kolefnislosun Landsvirkjunar á efnistöku og flutninga jarðefna. Þá er það stefna sveitarfélagsins skv. aðalskipulagi að gera ráð fyrir fáum en tiltölulega stórum efnistökusvæðum.

Skv. upplýsingum frá Landsvirkjun er meiri hluti efnistöku á svæðinu, hugsuð til framtíðar og þá helst sem grjótvörn í stíflur á svæðinu vegna hugsanlegs stíflurofs (öryggisatriði) og hugsanlega síðar til annarra verkefna á svæðinu (í náinni framtíð).

Við fyrri áætlanir fyrir Búrfellslund (200 MW) var framkvæmt umhverfismat. Í því umhverfismati miðuðust áætlanir að efnispörf vegna framkvæmdanna yrði fullnægt með efnistöku úr námum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Einnig var gert ráð fyrir umtalsverðu umframefni vegna framkvæmda innan framkvæmdasvæðisins sem myndi nýtast við uppbygginguna. Í áliti Skipulagsstofnunar kom síðan fram að hér með lyki mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og við tæki umhverfismat áætlana, gerð rammaáætlunar, landsskipulagsstefnu og skipulagsáætlana sveitarfélagana.

Við endurhönnun vindorkuversins var stuðst við framangreinda niðurstöðu úr áliti Skipulagsstofnunar. Vindorkuverið var afgreitt í nýtingarflokk í rammaáætlun (120 MW) og breytt var aðalskipulagi Rangárþings ytra og unnið nýtt deiliskipulag. Samhliða skipulagsbreytingum var unnið umhverfismat skipulagsáætlana. Í umhverfisskýrslu með umhverfismatinu var gerð grein fyrir efnistöku en talsvert hafði breyst frá fyrri áætlunum enda heil virkjun byggð í millitíðinni (Búrfellsstöð II) auk annarra framkvæmda í héraðinu. Fyrri efnistökuastaðir sem áætlanir gerðu ráð fyrir höfðu verið vel nýttir í millitíðinni og því ekki eins aðgengilegir. Því gerðu nýjar áætlanir í umhverfismati skipulagsáætlana ráð fyrir að nota efni úr námum á aðalskipulagi Rangárþings ytra auk þess sem enn var gert ráð fyrir að nýta að verulegu leyti allan uppmokstur af framkvæmdasvæðinu.

Við upphaf framkvæmda við Vaðölduver kom fljótlega í ljós að allur uppmokstur af framkvæmdasvæðinu reyndist að mestu leyti ónothæfur og því þurfti að leita annarra leiða. Unnið var efni úr Langöldu og Tungnaáreyrum en báðar þessar námur eru á aðalskipulagi Rangárþings ytra. Einnig var unnið efni úr nágrenninu vegna frágangs fyrri framkvæmda enda er það stefna Landsvirkjunar að nýta það sem fyrir er og reyna að stækka það sem fyrir er til að takmarka rask. Því var meðal annars farið í að stækka námurnar við Ferjufit og Tungnaáreyrar en báðar námurnar eru á aðalskipulagi Rangárþings ytra. Stækkun þessara náma eru einungis að hluta til ætlaðar til notkunar í Vaðölduveri þar sem stækkun þeirra er einnig ætluð til annarra verkefna Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu í framtíðinni.

Forsætisráðuneytið telur að framkvæmdin sé matsskyld í samræmi við 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og að aukin efnistaka við Ferjufit eigi að fara í umhverfismat.

Ráðuneytið gerir kröfu um að um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, að við frágang og á meðan efnistöku stendur verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag. Umgengi um svæðið skal vera til fyrirmyndar á meðan efnistaka fer fram á svæðinu.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 4. gr. laga nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.

Virðingarfyllst, Regína Sigurðardóttir,

Regína Sigurðardóttir

sérfræðingur / Specialist

Forsætisráðuneytið / Prime Minister's Office

Skrifstofa fjármála / Department of Finance

Stjórnarráðshúsinu,, 101 Reykjavik, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8400

www.stjornarradid.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2F&data=05%7C02%7Cjakob.gunnarsson%40hms.is%7C3c9a897cb6494b91894908deac23c648%7Cc72564722622417e8955a54eeb0a110e%7C0%7C0%7C639137466833396546%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIsIlAiOiJXaW4zMtMiIsIkFOIjoiTWFpbCIsIlldUiJoifQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C%7C&sdata=uhRz7%2Fflt49z1xA7WzEt4XzQv6jynS3SJjgFSlBg2U%3D&reserved=0)
(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2F&data=05%7C02%7Cjakob.gunnarsson%40hms.is%7C3c9a897cb6494b91894908deac23c648%7Cc72564722622417e8955a54eeb0a110e%7C0%7C0%7C639137466833396546%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIsIlAiOiJXaW4zMtMiIsIkFOIjoiTWFpbCIsIlldUiJoifQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C%7C&sdata=uhRz7%2Fflt49z1xA7WzEt4XzQv6jynS3SJjgFSlBg2U%3D&reserved=0)- www.government.is (www.government.is)- Fyrirvari/Disclaimer (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cjakob.gunnarsson%40hms.is%7C3c9a897cb6494b91894908deac23c648%7Cc72564722622417e8955a54eeb0a110e%7C0%7C0%7C639137466833442658%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIsIlAiOiJXaW4zMtMiIsIkFOIjoiTWFpbCIsIlldUiJoifQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C%7C&sdata=buMO9swslGY9tlk0Nt%2BYnbKTOJnycmb%2BQufCi9R68cq%3D&reserved=0)

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 07.05.2026 , **Fyrir hönd:** Forsætisráðuneytið